



Borgarráð

Tillaga um mótun og innleiðingu á ráðningareglum

Lagt er til að mannauðs- og starfsumhverfissviði verði falið að gera tillögu að breyttum ráðningarreglum og fyrirkomulag eftirfylgni með þeim. Markmiðið er að auka yfirsýn með nýráðningum og endurráðningum vegna starfsmannaveltu, draga úr eða fresta ráðningum þar sem færi er á en ekki skapa hik varðandi ráðningar vegna grunnþjónustu við velferð, skóla og frístund þar sem mikilvægt átak í ráðningum stendur yfir.

Greinargerð

Reykjavíkurborg hefur verið í fararbroddi undanfarin misseri við að skapa og bjóða störf til þeirra sem glímt hafa við atvinnuleysi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Í heimsfaraldrinum var einnig bætt við starfsfólki til að glíma við brýn verkefni. Staðan hefur breyst og fjöldi fyrirtækja og þjónustustofnana borgarinnar kallar nú eftir starfsfólki. Því er ástæða til að hægja á eða takmarka ráðningar þar sem við á. Nýjum ráðningarreglum er ætlað að stuðla að því, án þess að flækja fyrirkomulag fjármálastjórnar og ráðninga úr hófi. Ekki er hins vegar ástæða til að setja sértakar reglur um ráðningar í grunnþjónustu þar sem mannekla er og átak stendur yfir til að bæta úr.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri